



Breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035

Strengfell og Krossholt – breyting á landnotkun

Skipulagslýsing fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi

sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Ágúst 2026

SKÝRSLA-UPPLÝSINGABLAÐ			
Titill skýrslu: Breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035 – Strengfell og Krossholt		Tegund skýrslu: Skipulagslýsing	
Verkheiti: Aðalskipulag Vesturbyggðar		Verkaupi: Vesturbyggð	
Verkefnisstjóri: [fyllist út]		Verkefnisstjóri/fulltrúi verkkaupa: [fyllist út]	
Höfundur: ÓÖG	Skýrslunúmer: 1	Verknúmer: [fyllist út]	Fjöldi síðna: 13
Útdráttur: Skipulagslýsing vegna nýs afþreyingar- og ferðamannasvæðis við Strengfell og stækkunar íbúðarsvæðis ÍB17 við Krossholt vegna einnar nýrrar íbúðarlóðar.			
Lykilorð: Strengfell, Bíldudalur, Krossholt, afþreyingar- og ferðamannasvæði, áningarstaður, útsýnispallur, ÍB17, íbúðarlóð			
Staða skýrslu: ☒ Í vinnslu ☐ Drög til yfirlstrar ☐ Lokið		Dreifing skýrslu og upplýsingablaðs: ☒ Opin ☐ Dreifing með leyfi verkkaupa ☐ Trúnaðarmál	
Útgáfusaga: 1 ÓÖG ágúst 2026 Drög			

Efnisyfirlit

1. Aðdragandi og markmið	4
2. Forsendur	5
2.1. Skipulagssvæðin	5
2.2. Strengfell – staðhættir	5
2.3. Krossholt – staðhættir	6
3. Staða í skipulagi	8
3.1. Strengfell	8
3.2. Krossholt.....	8
3.3. Tengsl við aðrar áætlanir	9
4. Efnistöð skipulagsbreytingarinnar	9
4.1. Strengfell	9
4.2. Krossholt.....	10
5. Umhverfismat	10
5.1. Umhverfispættir	10
5.2. Viðmið og vísar.....	11
5.3. Aðferðir og framsetning umhverfismats	11
5.4. Valkostir	11
6. Málsmeðferð og tímaáætlun	12
Heimildir.....	13

Myndaskrá

Mynd 1. Fyrirhuguð staðsetning afþreyingar- og ferðamannasvæðis við Strengfell.	5
Mynd 2. Útsýni frá Strengfelli yfir Bíldudal og Arnarfjörð.	5
Mynd 3. Vistgerðir á og við fyrirhuguð breytingarsvæði við Strengfell.	6
Mynd 4. Fyrirhuguð staðsetning nýrrar íbúðarlóðar við Krossholt.	7
Mynd 5. Vistgerðir á Krossholtssvæðinu.....	7

Töfluskrá

Tafla 1. Drög að ákvæðum fyrir nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði við Strengfell.	8
Tafla 2. Mats- og umhverfispættir.	11
Tafla 3. Helstu umhverfisviðmið og vísar.	11

1. Aðdragandi og markmið

Vesturbyggð vinnur að uppbyggingu áningar- og útsýnisstaðar við Strengfell ofan Bíldudals. Frá svæðinu er víðsýnt yfir Bíldudal, Bíldudalsvog og Arnarfjörð og felast þar góð tækifæri til að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn og aðra vegfarendur og skapa öruggan stað til að njóta útsýnis og náttúru svæðisins.

Aðalskipulagsbreytingin nær til tveggja aðskildra svæða. Annars vegar er fyrirhugað að skilgreina nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði við Strengfell til að skapa skýrar skipulagslegar forsendur fyrir áningar- og útsýnisstað. Hins vegar er fyrirhugað að stækka íbúðarsvæði ÍB17 við Krossholt til að skapa forsendur fyrir fleiri íbúðarlóðum austan núverandi íbúðarbyggðar.

Við Strengfell felst fyrirhuguð uppbygging fyrst og fremst í gerð áningarstaðar með bílastæðum, gönguleið að útsýnisstað, útsýnispalli, setaðstöðu og upplýsingamiðlun. Við Krossholt hefur borist fyrirspurn um nýja íbúðarlóð sem ekki er afmörkuð í gildandi deiliskipulagi. Vilji Vesturbyggðar er að bæta einni lóð við núverandi íbúðarbyggð. Til þess þarf að breyta aðalskipulagi og jafnframt gildandi deiliskipulagi Langholts-Krossholts.

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar eru einkum:

- að skapa skipulagslegar forsendur fyrir vönduðum áningar- og útsýnisstað við Strengfell,
- að bæta aðstöðu og öryggi ferðamanna og annarra vegfarenda,
- að nýta sérstakt útsýni og staðhætti svæðisins með hóflegri uppbyggingu,
- að stýra umferð og dvöl gesta þannig að ágangur á nærliggjandi náttúru verði sem minnstur,
- að mannvirki og aðstaða falli sem best að landslagi og náttúrulegu yfirbragði svæðisins,
- að styðja við uppbyggingu ferðaþjónustu og fjölbreyttra áfangastaða í Vesturbyggð.
 - að skapa skipulagslegar forsendur fyrir fjórum nýjum íbúðarlóðum við Krossholt með hóflegri stækkun ÍB17,
 - að nýjar lóðir falli að núverandi byggðarmynstri og nýti eftir föngum núverandi gatna- og veitukerfi,
 - að tryggja að aðkoma að lóðum taki mið af markmiðum aðalskipulags um umferðaröryggi og að ekki verði fjölgað tengingum við Barðastrandarveg nema brýn nauðsyn beri til.

Við vinnslu breytingarinnar verður lögð áhersla á að umfang framkvæmda verði hóflegt og að báðir hlutar breytingarinnar falli að staðháttum. Nánari útfærsla áningarstaðarins við Strengfell verður ákveðin í deiliskipulagi. Við Krossholt verður gildandi deiliskipulagi Langholts-Krossholts breytt þannig að nýjar lóðir, byggingarreitir, aðkoma og eftir atvikum nánari skilmálar verði skilgreindir.

Skipulagslýsing


Í upphafi vinnu að skipulagi er tekin saman lýsing fyrir skipulagsverkefnið þar sem gerð er grein fyrir tildrögum, viðfangsefnum og helstu forsendum skipulagsvinnunnar. Lýsingin er kynnt opinberlega og gefur almenningi, umsagnaraðilum og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að koma á framfæri ábendingum á fyrstu stigum vinnunnar.

2. Forsendur

2.1. Skipulagssvæðin

Aðalskipulagsbreytingin nær til tveggja aðskilda breytingarsvæða. Annars vegar er svæði við Strengfell ofan Bíldudals, við Bíldudalsveg um Hálf dán. Hins vegar er svæði við Krossholt á Barðaströnd, norðan Barðastrandarveg, þar sem fyrirhugað er að bæta einni íbúðarlóð við núverandi byggð.

Afmörkun breytingarsvæðanna verður ákveðin nánar við vinnslu tillögunnar. Við Strengfell tekur afmörkun mið af því landi sem nauðsynlegt er fyrir bílastæði, aðkomu, gönguleið og útsýnisstað. Við Krossholt verður afmörkun ÍB17 endurskoðuð þannig að hún rúmi eina nýja íbúðarlóð í beinum tengslum við núverandi byggð.



Mynd 1. Fyrirhuguð staðsetning nýs afþreyingar- og ferðamannasvæðis við Strengfell. Afmörkun verður uppfærð við vinnslu tillögunnar.


2.2. Strengfell – staðhættir

Strengfell er í fjalllendinu ofan Bíldudals og einkennist svæðið af opnu, grýttu og fremur gróðursnauðu landi. Landslag og útsýni eru helstu einkenni staðarins. Frá fyrirhuguðum áningarstað er víðsýnt niður eftir dalnum til Bíldudals og út yfir Arnarfjörð.

Land hallar frá vegi að fjallsbrún og er yfirborð þess víða grýtt og ójafnt. Við uppbyggingu verður leitast við að nýta staðhætti þannig að rask verði sem minnst. Staðsetning stíga og mannvirkja verður eftir því sem kostur er miðuð við lítt gróið land og núverandi landslag. Sérstök áhersla verður lögð á að útsýnispallur og önnur mannvirki verði lágreist og falli að fjallsbrún og landslagi.



Mynd 2. Útsýni frá Strengfelli niður til Bíldudals og út yfir Arnarfjörð.



Mynd 3. Vistgerðir á og við fyrirhugað breytingarsvæði samkvæmt fyrirliggjandi vistgerðakorti. Rauð afmörkun á mynd er leiðbeinandi.

Samkvæmt fyrirliggjandi vistgerðakorti einkennist svæðið að mestu af fremur gróðursnauðum melavistum, auk smærri bletta af mosa- og mólendisvistum. Við jaðra svæðisins koma einnig fyrir urðir, skriður og lítt gróin svæði. Gróðurpekja er almennt slitrótt og yfirborð lands einkennist víða af grjóti, melum og þunnum jarðvegi. Við staðsetningu mannvirkja verður leitast við að nýta lítt gróið eða raskað land eftir því sem kostur er og forðast samfellda gróðurbletti.

Svæðið er hátt yfir sjó og opið fyrir veðri. Við nánari hönnun þarf því að taka sérstaklega tillit til vindálags, ísingar, snjóalaga, hálfu, frárennslis og öryggis við fjallsbrún. Einnig þarf að staðfesta jarðtæknilegar aðstæður áður en endanleg staðsetning útsýnispalls liggur fyrir.

2.3. Krossholt – staðhættir


Krossholt er byggðarkjarni í dreifbýli á Barðaströnd, norðan Barðastrandarveg. Fyrirhugaðar lóðir eru austan við núverandi íbúðarbyggð, við Ægisholt, Kross og Eikarholt, og liggur í beinum tengslum við byggðina sem fyrir er. Svæðið er óbyggt og gróið og af loftmynd má sjá að það liggur við tún og annað gróið land.

Markmiðið er að nýjar lóðir verði hófleg viðbót við núverandi byggð en við nánari skipulagningu þarf að taka mið af landslagi, gróðri, nálægð við núverandi hús, veitukerfi og umferðaröryggi. Aðkoma skal eftir föngum tengjast núverandi gatna- og vegakerfi innan Krossholta og taka mið af stefnu aðalskipulags um að fækka tengingum við Barðastrandarveg.



Mynd 4. Fyrirhuguð staðsetning nýrrar íbúðarlóðar við Krossholt. Græn afmörkun sýnir leiðbeinandi lóðarstæði.

Fyrirliggjandi vistgerðakort sýnir að Krossholtssvæðið er að stórum hluta gróið og að landnotkun og gróðurfar eru fjölbreytt í næsta nágrenni. Við vinnslu tillögunnar verður staðsetning lóðarinnar borin saman við vistgerðakort og önnur fyrirliggjandi náttúrufarsgögn og eftir atvikum staðfest á vettvangi.



Mynd 5. Vistgerðir á Krossholtssvæðinu samkvæmt fyrirbyggjandi vistgerðakorti.

3. Staða í skipulagi

3.1. Strengfell

Gildandi aðalskipulag er Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018-2035. Í endanlegri lýsingu og tillögu verður gerð nákvæm grein fyrir núverandi landnotkun á Strengfelli, gildandi skipulagsákvæðum og þeirri breytingu sem nauðsynleg er til að skilgreina nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem óbyggð svæði ÓB1 með eftifarandi skilgreiningu:

Svæðin eru ætluð til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks, þar sem almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt eða mannvirkjagerð. Á þessum svæðum er þó unnt að gera ráð fyrir neyðarskýlum, fjarskiptasendum og sambærilegum mannvirkjum. Á þeim er heimil landgræðsla. Þá eru hefðbundnar landnytjar, s.s. beit, veiðar og minniháttar efnistaka til eigin nota, heimilar á óbyggðum svæðum, nema þar sem svæði hafa verið friðuð fyrir beit eða aðrar takmarkanir gilda vegna hverfisverndar eða vatnsverndar. Varnir vegna náttúruvár eru heimilar.

Fyrirhugað auðkenni nýs svæðis: **AF8 Strengfell**

Í gildandi aðalskipulagi er lögð áhersla á að uppbygging falli að einkennum landslags, að sérstaða náttúru og byggðar sé nýtt á ábyrgan hátt og að almenningi sé tryggður aðgangur að náttúru- og menningarverðmætum. Við vinnslu breytingarinnar verður tekið mið af viðeigandi almennum ákvæðum aðalskipulagsins um ferðaþjónustu, útivist, landslag, náttúruvernd og samgöngur.

Drög að ákvæðum fyrir nýtt svæði eru eftirfarandi:

Auðkenni	Heiti	Lýsing og skipulagsákvæði
AF8	Strengfell	Áningar- og útsýnisstaður við Strengfell ofan Bíldudals. Heimilt er að gera bílastæði, göngustíga, útsýnispall, setaðstöðu, upplýsingaskilti og aðra minniháttar aðstöðu sem tengist móttöku ferðamanna og útivist. Mannvirki skulu vera hófleg að umfangi, falla vel að landslagi og valda sem minnstu raski á gróðri og náttúrulegu yfirborði. Sérstök áhersla skal lögð á öryggi, aðgengi, umferðaröryggi og sjónræn áhrif. Nánari útfærsla verði ákveðin í deiliskipulagi.

Tafla 1. Drög að ákvæðum fyrir nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði við Strengfell. Auðkenni og afmörkun verða staðfest við vinnslu tillögunnar.

Ekki er lagt til að nákvæm stærð útsýnispalls, fjöldi bílastæða eða önnur smáatriði framkvæmdarinnar verði bundin í aðalskipulagi. Slík atriði verða útfærð nánar í deiliskipulagi, en aðalskipulagsbreytingin setur meginramma um landnotkun, umfang og áherslu á landslagsaðlögun.

3.2. Krossholt

Í gildandi Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035 er núverandi íbúðarbyggð við Krossholt skilgreind sem íbúðarsvæði ÍB17. Reiturinn er 1,2 ha að stærð. Samkvæmt skipulagsákvæðum hefur verið byggt á níu lóðum, gert er ráð fyrir tveimur lóðum til viðbótar innan reitsins og jafnframt er getið möguleika á stækkun svæðisins til norðurs fyrir allt að fjórar lóðir.

Fyrirhugaðar lóðir er austan núverandi byggðar og kallar því á endurskoðun afmörkunar ÍB17. Með breytingunni verður reiturinn stækkaður hóflega til austurs til að rúma lóðirnar. Nákvæm afmörkun, stærð stækkunar og lóðarstærð verða ákveðin við gerð tillögu og breytingu á deiliskipulagi.

Í gildandi aðalskipulagi er lögð sérstök áhersla á umferðaröryggi á Krossholtum, öruggar gönguleiðir, minni umferðarhraða, bættu innri tengingu byggðarinnar og að fækka tengingum við þjóðveg. Þessi markmið verða leiðarljós við ákvörðun aðkomu að nýrri lóð.

Gildandi deiliskipulag Langholts-Krossholts tekur til núverandi byggðar. Til að stofna lóðirnar þarf að breyta deiliskipulaginu þannig að lóðaiðrk, byggingarreitur, aðkoma, nýting og aðrir nauðsynlegir skilmálar verði skilgreindir. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagsbreyting verði unnin samhliða eða í beinu framhaldi af aðalskipulagsbreytingunni.

Drög að breyttu ákvæði fyrir ÍB17: Heimilt verði að stækka núverandi íbúðarsvæði til austurs vegna fjögurra nýrra íbúðarlóða. Ný byggð skal falla að yfirbragði og mælikvarða núverandi byggðar á Krossholtum. Aðkoma skal eftir föngum leyst um núverandi gatna- og vegakerfi og forðast skal nýja beina tengingu við Barðastrandarveg.

3.3. Tengsl við aðrar áætlanir

Við skipulagsgerðina verður gætt að samræmi breytingarinnar við aðrar áætlanir og stefnuskjöl sem varða landnotkun, íbúðarbyggð, ferðaþjónustu, náttúru, landslag, samgöngur og öryggi. Helstu áætlanir og gögn sem horft verður til eru tilgreind hér að neðan.

Landsskipulagsstefna

Horft verður til gildandi landsskipulagsstefnu, einkum stefnu um sjálfbæra landnotkun, landslag, náttúru- og menningarverðmæti, lýðheilsu, útivist og uppbyggingu ferðaþjónustu í sátt við umhverfi.

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða leggur áherslu á Vestfirði sem sjálfbæran gæðaáfangastað þar sem ferðaþjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag. Fyrirhugaður áningarstaður við Strengfell getur stutt þá áherslu með því að bæta aðstöðu gesta til að upplifa landslag og náttúru á skipulagðan og öruggan hátt.

Sóknaráætlun Vestfjarða

Við vinnslu breytingarinnar verður horft til markmiða sóknaráætlunar um öflugt samfélag og atvinnulíf, sjálfbæra nýtingu náttúrugæða, ferðaþjónustu og góða aðstöðu til útivistar.

Náttúruminjaskrá og verndarsvæði

Breytingarsvæðin skarast ekki við friðlýst svæði, svæði á náttúruminjaskrá eða önnur verndarsvæði.

Samgöngur og vegakerfi

Aðkoma að áningarstaðnum verður frá vegi yfir Hálfán. Við staðsetningu og hönnun vegtengingar, bílastæða og aðkomu verður haft samráð við Vegagerðina og tekið mið af umferðaröryggi,

sjónlengdum, vetraraðstæðum og rekstri vegar.

Íbúðarbyggð og byggðarmynstur

Við Krossholt verður sérstaklega horft til stefnu aðalskipulags um að ný íbúðarbyggð í dreifbýli tengist þeirri byggð sem fyrir er, nýti þjónustu og innviði eftir föngum og falli að byggingarhefðum og yfirbragði sveitarinnar. Jafnframt verður tekið mið af sértækri stefnu um bætt umferðaröryggi og færri tengingar við þjóðveg á Krossholtum.

4. Efnistöð skipulagsbreytingarinnar

4.1. Strengfell

Við Strengfell felst breytingin í því að skilgreina nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði ofan Bíldudals. Svæðið verður auðkennt AF[X] Strengfell á aðalskipulagsuppdætti og sett verða almenn skipulagsákvæði um umfang, aðkomu, landslagsaðlögun og nánari deiliskipulagsgerð.

Markmið breytingarinnar er að skapa skipulagslegar forsendur fyrir uppbyggingu áningar- og útsýnisstaðar þar sem ferðamönnum og öðrum vegfarendum gefst kostur á að njóta útsýnis yfir Bíldudal og Arnarfjörð við öruggar aðstæður.

Innan svæðisins verður heimilt að gera ráð fyrir:

- afmörkuðum bílastæðum og öruggri aðkomu frá vegi,
- göngustíg eða gönguleið frá bílastæðum að útsýnisstað,
- útsýnispalli eða pöllum sem lagaðir eru að landhalla og fjallsbrún,
- setaðstöðu og upplýsingamiðlun,
- öryggismerkingum og öðrum minniháttar búnaði sem tengist notkun svæðisins.

Við nánari skipulagningu og hönnun verður lögð sérstök áhersla á að:

- rask á náttúrulegu landi verði sem minnst og framkvæmdasvæði afmarkað þröngt,
- mannvirki fylgi landformum og verði hófleg að umfangi,
- ásýnd mannvirkja úr fjarlægð verði sem minnst og efnis- og litaval falli að umhverfinu,
- tekið verði tillit til vistgerða, gróðurs og eftir atvikum fuglalífs,
- örugg aðkoma og fullnægjandi sjónlengdir verði tryggðar í samráði við Vegagerðina,
- tekið verði mið af vindálagi, snjó, ísingu, jarðtækni og öðrum öryggisþáttum,
- aðgengi verði eins gott og staðhættir og umfang framkvæmdar leyfa,
- gestum verði beint um skilgreindar leiðir til að draga úr ágangi á aðliggjandi land.

Samhliða eða í kjölfar breytingar aðalskipulags verður unnið deiliskipulag fyrir áningarstaðinn þar sem nánar verður gerð grein fyrir staðsetningu og útfærslu mannvirkja, bílastæða, gönguleiða, útsýnispalls, frágangi og mótvægisáðgerðum.

4.2. Krossholt

Við Krossholt felst breytingin í hóflegri stækkun íbúðarsvæðis ÍB17 til austurs þannig að unnt verði að afmarka fjórar nýjar íbúðarlóðir í beinum tengslum við núverandi byggð. Nákvæm stærð stækkunar verður ákveðin við vinnslu tillögunnar og sýnd á breytingaruppdætti.

Við nánari útfærslu breytingarinnar við Krossholt verður lögð áhersla á að:

- nýjar lóðir og byggingarreitir falli að yfirbragði, mælikvarða og byggðarmynstri núverandi Krossholta,
- ný íbúðarhús nýti eftir föngum núverandi gatna- og veitukerfi,
- aðkoma verði leyst með þeim hætti að umferðaröryggi við Barðastrandarveg versni ekki og nýjum tengingum við þjóðveg verði haldið í lágmarki,
- rask á gróðri og landi verði takmarkað eins og kostur er og tekið verði tillit til landnýtingar í næsta nágrenni,
- frárennsli, vatnsöflun og aðrir innviðir verði leystir með fullnægjandi hætti í deiliskipulagi.

Samhliða aðalskipulagsbreytingunni verður gildandi deiliskipulagi Langholts-Krossholts breytt. Þar

verða nýjar lóðir afmarkaðar og settir nánari skilmálar um byggingarreiti, byggingarmagn, hæð og yfirbragð mannvirkja, aðkomu, bílastæði, veitur og frágang.

5. Umhverfismat

Aðalskipulagsbreytingin verður unnin í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og eftir því sem við á lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Við vinnslu tillögunnar verður lagt mat á líkleg áhrif beggja hluta breytingarinnar, annars vegar nýs afþreyingar- og ferðamannasvæðis við Strengfell og hins vegar stækkunar ÍB17 við Krossholt.

5.1. Umhverfispættir

Búast má við að umhverfismatið beinist einkum að náttúru, landslagi og ásýnd, byggð og landnotkun, samfélagi og útivist, samgöngum og öryggi, menningarminjum og náttúruvá. Við Krossholt verður jafnframt horft sérstaklega til samræmis nýrra lóða við núverandi byggð og áhrifa á gróið land.

Matspáttur	Umhverfispættir	Helstu álitæfni
Náttúra	Gróður, vistgerðir, líffræðileg fjölbreytni, jarðmyndanir	Rask vegna bílastæða, stíga og palla við Strengfell og rask vegna nýrrar íbúðarlóðar við Krossholt. Gróður, vistgerðir og möguleikar á endurheimt.
Landslag og ásýnd	Landslag, sjónræn áhrif, útsýni	Sýnileiki mannvirkja á fjallsbrún við Strengfell og samræmi nýrra íbúðarlóða við byggðarmynstur og landslag á Krossholtum.
Samfélag og útivist	Ferðapjónusta, útivist, íbúðarbyggð, lýðheilsa, upplifun	Bætt aðstaða og öryggi ferðamanna við Strengfell og áhrif nýrra íbúðarlóða á húsnæðisframboð og byggð á Krossholtum.
Samgöngur og öryggi	Umferðaröryggi, aðkoma, bílastæði	Aðkoma að áningarstað við Strengfell og aðkoma að nýrri lóð við Krossholt. Sjónlengdir, tengingar við þjóðveg og innra vegakerfi, gangandi umferð og vetraraðstæður.
Menningarminjar	Fornleifar og menningarlandslag	Hvort skráðar eða óskráðar minjar séu innan áhrifasvæðis.
Náttúruvá	Vindur, snjór, ísing, skriður, grjóthrun	Öryggi mannvirkja og gesta, staðsetning við fjallsbrún og rekstrarskilyrði.
Byggð og landnotkun	Byggðarmynstur, landnýting, innviðir	Samræmi stækkunar ÍB17 við núverandi Krossholt, nýting núverandi innviða og áhrif á gróið land í jaðri byggðar.

Tafla 2. Mats- og umhverfispættir sem fyrirhugað er að horfa til við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar.

5.2. Viðmið og vísar

Við mat á áhrifum verður stuðst við markmið og viðmið í lögum, reglugerðum, skipulagsáætlunum og öðrum fyrirliggjandi gögnum. Tafla 3 sýnir helstu viðmið sem fyrirhugað er að byggja á. Listinn verður uppfærður eftir því sem ný gögn og umsagnir berast.

Viðmið / gögn	Vísar	Tengdir umhverfispættir
Aðalskipulag Vesturbyggðar og gildandi landsskipulagsstefna	Samræmi við markmið um landnotkun, útivist, landslag og sjálfbæra þróun	Landslag, samfélag, náttúra
Vistgerðakort og náttúrufarsgögn	Tegundir vistgerða, gróðurþekja, verndargildi og rask	Náttúra
Náttúruminjaskrá og verndarákvæði	Skörun við verndarsvæði eða sérstök náttúruverðmæti	Náttúra, landslag
Fornleifaskráning / Minjastofnun	Skráðar minjar, friðhelgi og mögulegt rask	Menningarminjar
Gögn Vegagerðarinnar og staðbundin öryggisgögn	Sjónlengdir, aðkoma, umferð, vindur, snjór og náttúruvá	Samgöngur, öryggi, náttúruvá
Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018-2035 – ÍB17 Krossholt	Samræmi við ákvæði um byggðarmynstur, þéttingu, umferðaröryggi og tengingar við þjóðveg	Byggð, landnotkun, samgöngur og öryggi

Viðmið / gögn	Vísar	Tengdir umhverfispættir
Gildandi deiliskipulag Langholts-Krossholts	Afmörkun lóða, byggingarreitir, aðkoma, innviðir og samræmi við núverandi byggð	Byggð, landnotkun, samgöngur

Tafla 3. Helstu umhverfisviðmið og vísar sem fyrirhugað er að byggja á í umhverfismati.

5.3. Aðferðir og framsetning umhverfismats

Við umhverfismatið verður stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfisins og líkleg umhverfisáhrif skipulagsbreytingarinnar. Fyrir Strengfell verður sérstaklega horft til landslags, vistgerða, öryggis og ferðamennsku. Fyrir Krossholt verður sérstaklega horft til byggðarmynsturs, gróðurs og landnýtingar, umferðaröryggis, veitna og samræmis við núverandi íbúðarbyggð. Leitað verður eftir frekari upplýsingum eftir því sem tilefni er til.

Umhverfismatið verður fléttað inn í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar. Þar verður greint frá mögulegum áhrifum breytingarinnar, samanburði valkosta og eftir atvikum tillögum að mótvægisáðgerðum. Kynningar- og umsagnarferli umhverfismats verður samtvinnað skipulagsferlinu.

5.4. Valkostir

Í skipulagsvinnunni verða að lágmarki skoðaðir eftirfarandi valkostir:

- Núllkostur: Gildandi aðalskipulag helst óbreytt. Ekki verður skilgreint afþreyingar- og ferðamannasvæði við Strengfell og ÍB17 við Krossholt verður ekki stækkað vegna nýrrar lóðar.
- Aðalvalkostur: Nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði AF[X] verður skilgreint við Strengfell og ÍB17 við Krossholt stækkað hóflega til austurs vegna nýrra íbúðarlóða.
- Útfærsluvalkostir: Við deiliskipulagsvinnu verða skoðaðar mismunandi útfærslur á aðkomu og staðsetningu mannvirkja við Strengfell og nánari afmörkun, aðkoma og byggingarreitir nýrra lóða við Krossholt með það að markmiði að lágmarka rask og tryggja öryggi.

6. Málsmeðferð og tímaáætlun

Málsmeðferð verður í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Lýsing þessi verður kynnt almenningi og öðrum hagsmunaaðilum og jafnframt send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Þar sem breytingin nær til tveggja aðskilda svæða verður sérstaklega óskað eftir ábendingum um forsendur fyrir uppbyggingu við Strengfell og Krossholt.

Að lokinni kynningu lýsingar verður unnin tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035. Vinnslutillaga verður kynnt áður en fullunnin tillaga verður tekin til afgreiðslu sveitarstjórnar og send Skipulagsstofnun til athugunar. Samhliða verður unnið að deiliskipulagi áningarstaðar við Strengfell og breytingu á gildandi deiliskipulagi Langholts-Krossholts vegna nýrrar íbúðarlóðar.

Leiðbeinandi tímaáætlun er eftirfarandi og getur tekið breytingum eftir framvindu verkefnis og umsagnarferli:

Áfangi	Áætlaður tími
Skipulagslýsing samþykkt, kynnt og send umsagnaraðilum	ágúst–september 2026
Vinnslutillaga unnin og kynnt	haust 2026
Tillaga samþykkt til athugunar Skipulagsstofnunar	vetur 2026/2027
Auglýsing aðalskipulagsbreytingar	vetur/vor 2027
Afgreiðsla sveitarstjórnar að lokinni auglýsingu	vor 2027
Yfirferð og staðfesting Skipulagsstofnunar	vor/sumar 2027

Umsagnaraðilar

Gert er ráð fyrir að leitað verði umsagna eftir því sem við á, m.a. frá Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti, landeigendum og öðrum aðilum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta. Vegagerðin er mikilvægur umsagnaraðili vegna aðkomu bæði við Hálfán og Krossholt.

Heimildir

- Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018-2035, greinargerð og uppdráttir, m.a. ákvæði um ÍB17 Krossholt og afþreyingar- og ferðamannasvæði.
- Gildandi deiliskipulag Langholts-Krossholts og síðari breytingar.
- Skipulagslög nr. 123/2010.
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
- Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.
- Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar – fyrirliggjandi kortagögn fyrir Strengfell.
- Áfangastaðaáætlun Vestfjarða – gildandi útgáfa á vinnslutíma.
- Sóknaráætlun Vestfjarða – gildandi útgáfa á vinnslutíma.
- Landsskipulagsstefna – gildandi útgáfa á vinnslutíma.
- Fyrirspurn og skýringargögn Vesturbyggðar um fyrirhugaða nýja íbúðarlóð við Krossholt, 2026.

Vinnuskjal: Gulmerkt atriði og atriði í hornklofum þarf að staðfesta áður en skipulagslýsing er samþykkt til kynningar.